

VÍÐU SKAMMTUR



AF HANDRITI HANDA ÞRÁNDI

Við Þrándur Thoroddsen höfum í marga áratugi verið mestu máttar, góðir vinir og félagar og margt brallað saman bæði opinberlega sem og í laumi. Allir sem Þrándur þekkja vita að hann er með mestu húmoristum og bera textaþýðingar hans á Prúðuleikurunum því gleggstan vott. En Þrándur getur líka slegið á alvarlega strengi einkum í samvinnu við Jón Hermannsson, og er það vel því enginn skyldi ætla að lífið sé eintómt húllumhæ, glens og gaman.

Ég hef grun um það að þeir félagar ætli sér í framtíðinni að snúa sér fremur að hinum alvarlegri viðfangsefnum sem eiga meira erindi til okkar (eins og gaggrínendur segja) en léttvægt fleipur og mun kvikmynd þeirra um vorverk í sveitum sem sýnd var á dögumum í sjónvarpinu vera fyrsta sporið í þá átt. Því ber og að fagna að Sjónvarpið skuli hafa ríðið á vaðið með þjóðlegan fróðleik í leikbúningi frá fyrri öldum. Vegna alls þess sem að framan er talið hef ég afráðið að senda Þrándi vini mínum handrit að leikriti mínu „Hér sé guð“ og vænti þess að það verði tekið hið fyrsta til kvikmyndunar.

Hér sé guð
(Sjónvarpshandrit)

Persónur:
Brandur (bóndi)
Gunnfríður (húsfreyja)
Grímur (húskarl)
Hreðjar (vinnumaður)
Eygló (dóttir hjóna)
Njáll (niðursetningur)
Snati (hundur)

(Fjósbaðstofa. Fjalagólf í miðju húsinu, en ekki út við hliðarnar. Stafir háir, eigi minni en 4 — 4 1/2 alin. Bitar negldir á stoðir 3 álnir frá gólfi og loft lagt á bitana. Slagpil. Stoðir

uppá lausholt, en syllur felldar á klofa á stafina og sperrur felldar þar ofaná — kálfa-sperrur — Langbönd, reisifjöl, áreftiog tróð. Skambbitar á miðjum sperrum. Orðið rökkuvað, enda komið framá vöku. Brandur bóndi eltir tóbakspung. Gunnfríður spinnur á snældu. Grímur húskarl þæfir vettling. Eygló kembir tásu, en Hreðjar vinnumaður klórar henni á bakinu. Njáll niðursetningur leikur sér við hundinn Snata.)

Brandur bóndi: (Við konu sína) Ég er ekki frá því að birtu sé tekið að bregða, heillin mín (við Njáll). Farðu fram bölvauður ófétis ódrátturinn þinn og sæktu ljós. (Njáll fer. Löng þögn á meðan Njáll niðursetningur er að sækja ljósið).

Eygló heimasæta: (Við föður sinn) Þú nuddar punginn pápi minn.

Brandur bóndi: Já heillin mín, ætli maður geri það nú ekki framí andlátíð.

Gunnfríður húsfreyja: Huhhh!!

Eygló heimasæta: (Við Hreðjar sem klórar henni ástúðlega)

Svolítið neðar og til hægri, austar... nei norðar og neðar... þarna já Hreðjar, þarna. Þetta er gott ahhh! Svona já (Njáll kemur með ljósið. Við Hreðjar) Þetta er nóg. Þakka þér fyrir gæskurinn.

Grímur húskarl: Á ég að setja sellýsi, hákarlalýsi, þorskalýsi, eða hrossaflot á blessaðan lýsislampann.

Gunnfríður húsfreyja: Settu á hann hrossaflot, góurinn, og réttu mér trunkinn. Við kveikjum svo á hinum áður en Brandur byrjar húsllesturinn.

Eygló heimasæta: Mamma. Þegar ég kembi, á ég þá ekki að tá ullina milli handanna á mér og kamba hana svo í kömbunum.

Gunnfríður húsfreyja: Rétt er það nú gæskan og eins og þú sérð eru kambarnir með skaffi útúr miðjunni.

Hreðjar vinnumaður: Gaman væri að vita hvers vegna hausinn er 8 — 9 þumlungar og tindarnir fjórir þumlungar eða vel það.

Gunnfríður húsfreyja: Það er nú til þess, Hreðjar minn, að hægt sé að taka ullarvisk, stinga honum á tindana, taka annan kambinn með hægri hendinni og hinn með vinstri og kamba milli kambanna, greiða svo úr viskunni, lyppa upp í lófa sér og leggja í rimlameisinn eða láinn.

Hreðjar vinnumaður: Já, það var og. Lengi skal manninn reyna.

Brandur bóndi: Jæja, gott fólk, þá er rétt að byrja húsllesturinn.

Eygló heimasæta: Já pápi minn. Ó pápi minn hvað ég hlakka til.

Brandur bóndi: Réttu mér Saltarann, heillin. Hann liggur þarna á lausholtinu.

Eygló heimasæta: Nei þabbi, lestu heldur úr Jónspostillu. Það er svo miklu skondnara.

Gunnfríður húsfreyja: Mig syfjar. Ætli gestakomu sé von? Eitthvað sækir að mér.

Njáll niðursetningur: Óví eða viva va óvivi diða á veði vívi.

Gunnfríður húsfreyja: Þegi þú bölvauður ódrátturinn þinn og sestu þarna á fletið.

Njáll niðursetningur: Óví eða viva va óvivi diða á veði vívi.

Brandur bóndi: Ó, leyfðu nú blessuðum aulanum að fara með Hávamálin sín: „Óvist er að vita hvar óvinir sitja á fleti fyrir.“

(Þrjú þung högg heyrast framan úr göngunum. Snati ærist, húsfreyja hrekkur uppaf værum blundi, allir spretta á fætur og horfa hver á annan, óttaslegnir).

Brandur bóndi: Hér er ei allt með felldu. Hví er ei guðað á gluggann og þó komið framá miðja vöku.

Njáll niðursetningur: Óví eða viva...

Gunnfríður húsfreyja: Þegi þú bölvauður ódrátturinn þinn. (Fólkið þegir)

Snati hundur: Voff! voffvoffvoff!!!! voff! voff! voffvoffvoff!!!!

Brandur bóndi: (Sparkar í hundinn) Þegiðu! andskotans kvikindið þitt!!

Rödd hreppstjórans: (Guðar á gluggann) Hér sé guð.

Allt heimilisfólkið í einum kór: Guð blessi þig.

Gunnfríður húsfreyja: Nú það er sjálfur hreppstjórinn.

Allir: Gaman, gaman!!

Lokasöngur: (Allir)

Talið er að fortíðin sé fróðleg fögnum allir, sjónvarpið það veit að elliglöp eru óskaplega þjóðleg einkum þegar komið er í sveit.

Flosi.

Karl Kvaran á Kjarvalsstöðum:

Allar kindur eiga sér nöfn...

Karl Kvaran hefur opnað málverkasýningu að Kjarvalsstöðum sem verður opin fram á sunnudagskvöldið 1. júlí. Þarna eru 41 verk. Litir sem kallaðir eru hreinir eða sterkir og hrislast niður um þá svartar línur. Stórverk í sniðum. Stærsta sýning Karls.

Við erum minntir á það, að Karl Kvaran hefur sýnt mikla staðfestu í þróun afstraktmálverks, hann hefur fylgt því eftir meðan flestir aðrir af hans kynslóð, einatt kenndir við September, hafa fitjast upp á ýmsu öðru. Hvernig stendur á þessari tryggð?

Ætli það sé ekki vegna þess að það eru svo miklir möguleikar í þessu tjáningarformi, segir Karl í stuttu spjalli.

Það tala margir um að ég noti sterka liti. Ég vil svara því til, að mér finnst mikils um vert að láta litina halda sínum sérkennu, halda sínum uppruna, hreinleika.

Línur, stærð

Línurnar svörtu? Ég hefi alltaf

haft mikinn áhuga á línunni í málverki. Og í seinni tíma myndum hefi ég lagt meiri áherslu á hrynjandi í línunni. Og mér finnst að ég þurfi að hafa myndirnar stórar í sniðum einmitt út af línunni. Ég hefi reyndar ekki orðið var við að menn kvörtuðu yfir því að myndirnar væru of stórar fyrir þeirra húsakynni. Satt að segja hefi ég þá reynt að stórar myndir seljist tiltölulega best. Kannski er það af því að menn byggja stærri hús en áður, ég veit það ekki...

Bankasaga

Við sátum undir stórrí mynd sem Gunnlaugur Þórðarson vildi kalla Landsbanka Íslands en ber á sýningunni nafnið Gustur. Þessi mynd hafði með annarri eftir Karl verið fest upp í Landsbankanum til reynslu, til tveggja mánaða. En það urðu aldrei nema tveir dagar. Myndirnar voru teknar niður og settar niðri í kjallara. Það komu fram ýmsar tillögur um ástæðurnar. Voru þær

of örvandi fyrir tölvuvætt fólk? Eða var Gustur of líkur íslenska peningakerfinu (hringur í hring)?

Starfsfólkið vildi þetta ekki, sagði höfundur þessa sérstæða listastríðs í banka — og gat vel lum að á fleiri sögum í þessa veru.

Mannanöfn

Myndirnar heita ýmsum nöfnum — ein er kennd við fallöxina frönsku, önnur við konu ágæta, hin þriðja við Dorian Gray — sú saga var flutt í útvarpi um svipað leyti og myndin varð til.

Nöfnin eru ekki vísbendingar frekar en mannanöfn, sagði Karl. Allar kindur heita einhverjum nöfnum og því ekki myndir?

Og þar með var fjölmiðlaranum lokið. Karl víðurkenndi að þær gætu verið erfibar. Ég var að því spurður áðan af hverju þessi mynd væri öðruvísi en hin. Þessu er ekki hægt að svara. Ég veit það ekki, maður tekur ekki eftir slíku sjálfur...

áb.



Karl Kvaran og að baki hans Gustur: þetta tjáningarform hefur svo mikla möguleika... (Ljós.: Leifur).